

Starfsemi verðlagsnefndar búvöru 2014

Á fyrri hluta árs 2014 hélt verðlagsnefnd búvöru 3 bókaða fundi. Skv. lögum ákveður verðlagsnefnd lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks og einnig heildsöluverð helstu mjólkurvara. Á síðasta fundi nefndarinnar, sem haldinn var 12 mars 2014, var ákveðið heildsöluverð á ógerilsneyddri mjólk í lausu máli f.o.m. 1. apríl 2014, en - „Frá þeim tíma mun því verð á mjólk í lausu máli í verðskrá, eingöngu gilda fyrir gerilsneydda mjólk“ - eins og segir í fundargerð verðlagsnefndar búvöru.

Engar aðrar verðákvarðanir, hvorki á lágmarksverði til framleiðenda eða á heildsölustigi mjólkurvara, fór fram á árinu 2014. Síðasta verðlagning lágmarksverðs til bænda og mjólkurvara á heildsölustigi átti sér stað 1. október 2013.

Á tímabilinu 1. júlí 2013 – 30. júní 2014, var verðlagsnefnd búvara skipuð eftirtöldum fulltrúum: Ólafur Friðriksson, formaður nefndarinnar frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Elín Björg Jónsdóttir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Björn Snæbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands (ASÍ), Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson Bændasamtökum Íslands (BÍ), Sigurður Loftsson Landssambandi kúabænda (LK), Guðrún Sigurjónsdóttir og Pálmi Vilhjálmsson frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM).

Skv. ákvæðum 7. gr laga 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal verðlagsnefnd fullskipuð 1. júlí ár hvert. Við skipun nefndarinnar, fyrir starfsárið 2014/2015, ákvað launþegahreyfingin ASÍ/BSRB að skipa ekki fulltrúa í nefndina án frekari skoðunar á árangri nefndarstarfsins á undangengnum árum. Að beiðni ráðherra Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins hefur Hagfræðistofnun Háskóla Íslands unnið að úttekt á árangri opinberrar verðlagningar. Þar sem verðlagsnefnd hefur ekki verið fullskipuð hefur hún því ekki starfað skv. lögum f.o.m. 1. júlí 2014. Skv. ákvæðum fyrrnefndrar 7. gr. skal ráðherra, í þessu tilfelli sá sem fer með málefni vinnumarkaðar, tilnefna umrædda fulltrúa launþega. Sú tilnefning hefur ekki farið fram.

f.h. SAM í Verðlagsnefnd búvöru

Pálmi Vilhjálmsson

Guðrún Sigurjónsdóttir